

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/2180
komudagur 14.4.2008



Reykjavík 11. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisstofnun
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til skipulagslaga

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa yfir mikilli ánægju með nýjan kafla í frumvarpi til skipulagslaga um landsskipulag. Þessi kafla er nýjung fyrir skipulagsmál á Íslandi.

Samtökin vænta mikils af landsskipulagsáætlun stjórnvalda. Með henni er komið tækifæri til að skipuleggja notkun á landi með almannahagsmunum í huga. Með henni vænta samtökin að stjórnvöld taki tillit til sjónarmiða ferðaþjónustunnar, núverandi stöðu og framtíðaruppbyggingu.

Virðingarfyllt

Erna Hauksdóttir
frankvæmdastjóri SAF

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 9.nóvember 2007

Athugasemdir við frummatsskýrslu VSÓ ráðgjafar frá ágúst 2007 um Bitruvirkjun allt að 135MW jarðvarmavirkjun á Hellisheiði.

Samtök ferðaþjónustunnar gera ekki athugasemdir við frummatsskýrslu VSÓ ráðgjafa um Hverahlíðavirkjun en taka undir með skýrsluhöfundum að samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni rýra útivistarsvæðið á Hengilssvæðinu í heild sinni.

Fyrir ferðaþjónustuna er Bitrusvæðið, Ölkelduhálsinn og dalirnir allt í kring mun verðmætara svæði og vilja samtökin leggja höfuðáherslu á að þetta svæði verði afmarkað fyrir ferðaþjónustu og útivist eingöngu.

Aðalskipulag fyrir svæðið er ekki tilbúið en ljóst er að á ofangreindu svæði er bæði vatnsverndarsvæði og hlutar þess á náttúruminjaskrá. Á Hellisheiðinni hefur verið virkjað umtalsvert og nú er tækifæri í Aðalskipulagi svæðisins að afmarka hluta heiðarinnar fyrir útivist og ferðaþjónustu eingöngu. Sú vinna verður að fara fram með ferðaþjónustuaðilum og þannig skipulagt t.d. hvar reiðleiðir og gönguleiðir verði á svæðinu. Einnig er Samtökum ferðaþjónustunnar ljóst að hluta ferðamanna finnst athyglisvert að skoða hvernig orkan er beisluð og því fagna Samtökin opnun á móttökuhúsi Hellisheiðavirkjunar fyrir ferðafólk.

Sérstaða svæðisins er margs konar, þetta er mjög fjölskrúðugt hverasvæði, með fallegu og fjölbreyttu landslagi. Svæðið er líka mjög mikilvægt útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa vegna nálægðar við Reykjavík. VSÓ ráðgjöf bendir á í sinni frummatsskýrslu að áhrif Bitruvirkjunar á núverandi ferðaþjónustu og útivist verði talsverð. Samtök ferðaþjónustunnar telja að við það verði ekki unað. Í kaflanum um ferðamál í ofangreindri skýrslu er vísað í könnun sem gerð var og þar kemur fram að af 162 svörum voru spyrjendur aðeins 64 á Hellisheiði og nágrenni. Hins vegar voru 98 í upplöndum Hafnarfjarðar. Ljóst er að rannsóknaraðferðum er ábótavant. Það verður að spyrja ferðafólk sem fer um Hellisheiðina um afstöðu þeirra til allra virkjananna og einnig hvort afstaða þeirra sé breytileg eftir því hvar þau eru á Hellisheiðinni að ferðast.

Ferðaþjónustan á Íslandi er vaxandi atvinnugrein. Á þessu ári er líklegt að um hálf milljón ferðamanna heimsæki Ísland og skapi allt að 60 milljarða króna í gjaldeyristekjur. Samtök ferðaþjónustunnar vilja undirstrika að hér er um að ræða svæði í næsta nágrenni

höfuðborgarinnar sem er eitt mikilvægasta svæði ferðaþjónustunnar vegna skemmri ferða. Almennt er dvalartími ferðamanna að stytta og eins er fjöldi funda og ráðstefnugesta vaxandi en þeir eru einmitt einn megin markhópurinn fyrir skemmri ferðir á lítt snortin svæði.

Afar mikilvægt er að við mat á umhverfisáhrifum séu bornir saman framtíðarhagsmunir ferðaþjónustunnar við arðsemi af virkjun en ekki núverandi hagsmunir ferðaþjónustunnar við framtíðarvirði virkjunar eins og oftast hefur verið raunin.

Samtök ferðaþjónustunnar geta ekki fallist á Bitruvirkjun að óbreyttu og leggja til að hún verði aflögð eða henni frestað um óákveðinn tíma.

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdarstjóri